

Nd.

53. Nefndarálit

um frv. til laga um breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar telur ekki ósanngjarnt, þó gerðar væru svipaðar breytingar á lögnum sem frv. fer fram á, enda þótt sú rjettarbót, sem í því felst, mundi falla í skaut aðeins örfárra einstaklinga. Hinsvegar er það vitanlegt, að ýmsar breytingar á fátækralöggjöfinni — meðal annars sú, er hjer um ræðir— liggja nú fyrir landsstjórninni til íhugunar og endurskoðun nefndrar löggjafar í heild sinni; það þykir líklegt, að árangur af þeirri endurskoðun verði lagður fyrir næsta þing. Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að breytingu á lögum 10. nóv. 1905 verði frestað að þessu sinni og mál þetta afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem endurskoðun á fátækralöggjöfinni stendur fyrir dyrum og líklegt að þeirri endurskoðun verði lokið á þessu ári og væntanlegar breytingar lagðar fyrir næsta þing, þykir ekki ástæða til að taka til meðferðar sjerstaklega atriði það, sem frumvarp þetta fjallar um, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 22. febrúar 1926.

Jón Kjartansson,
form.

Pjetur Ottesen.

Árni Jónsson,
fundaskrifari.

Pjetur Þórðarson
frsm.